

Fundargerð XXVI. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2012

Árið 2012 þann 23. mars var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Icelandair Hotel Reykjavík Natura. Landsþingið hófst kl. 9:30.

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna til þings. Ræða formanns er birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og er hér vísað til ræðunnar um efni hennar.

2. Kosning starfsmanna þingsins

- a) Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshálsa og Elsa Hrafnhildur Yeoman, forseti borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.
- b) Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdalshrepps og Guðbjartur Gunnarsson oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps.
- c) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Björk Vilhelmsdóttir Reykjavíkurborg, Guðlaug Ágústsdóttir Stykkishólmsbæ og Stefán Vagn Sveinsson Sveitarfélaginu Skagafirði.

3. Ávarp innanríkisráðherra Ögmundar Jónassonar

4. I. hluti þingsins: Hvernig vinnum við betur með íbúum?

Inngangserindi: Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs. Innlegg sveitarstjórnarmanns: Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ.

Þá fóru fram almennar umræður á borðum. Umræðustjórum falið að taka saman niðurstöður umræðna og koma til starfsfólks sambandsins.

Hádegishlé frá klukkan 11:50 – 13:00

Klukkan 13:00 var fundi framhaldið. Þingforseti gerði grein fyrir að kjörbréfanefnd hefði lokið störfum. Mættir eru rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti 122 frá 64 sveitarfélögum. Þá voru mættir 4 stjórnarmenn sem ekki eru kjörnir fulltrúar síns sveitarfélags, 39 bæjar- og sveitarstjórar og 8 formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga. Alls eru því mættir 51 fulltrúi með málfrelsi og tillögurétti. Seturétt á landsþingi eiga 152 fulltrúar frá 75 sveitarfélögum.

Enginn fulltrúi er því frá 11 sveitarfélögum og alls vantaði 30 fulltrúa á fulla mætingu.

II. hluti þingsins: Efling sveitarstjórnarstigsins, tillögur nefndar.

Inngangserindi: Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ.

Álit sveitarstjórnarmanns: Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð.

Umræður á borðum. Þær fóru fram að lokinni framsögu Gunnars og Svanfríðar. Umræðustjórum var falið að taka saman niðurstöður og koma þeim til sambandsins.

III. hluti þingsins: Notendastýrð persónuleg aðstoð – handbók.

Inngangserindi: Áslaug H. Friðriksdóttir fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn.

Álit sveitarstjórnarmanns: Guðríður Arnardóttir bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ.

Umræður á borðum. Umræðustjórum var falið að taka saman niðurstöðurnar og koma þeim til sambandsins.

Samantekt og almennar umræður.

Þingforsetar taka stöðuna á nokkrum borðum eða fulltrúar biðja um orðið. Gengu þingforsetar um salinn og umræðustjórar gerðu grein fyrir því sem fram hafði komið í umræðum meðal þingfulltrúa. Eftirtaldir þingfulltrúar tóku til máls; Áslaug Hulda Jónsdóttir Garðabæ, Bryndís Gunnlaugsdóttir í Grindavíkurbæ, Arnór Benónýsson í Þingeyjarsveit og Arna Ír Gunnarsdóttir Árborg.

Ofangreindir þingfulltrúar gerðu grein fyrir sjónarmiðum sem fram komu í umræðuhópunum.

Í almennum umræðum töluðu eftirfarandi: Jón Jósef Bjarnason Mosfellsbæ, Bryndís Gunnlaugsdóttir Grindavíkurbæ, Ísólfur Gylfi Pálmason Rangárþingi eystra, Sigurborg Hannesdóttir Grundarfjarðarbæ, Anna Björnsdóttir sambandinu, Björk Vilhelmsdóttir Reykjavíkurborg og Jón Jósef Bjarnason Mosfellsbæ (í annað sinn).

Jón óskaði eftir að til afgreiðslu kæmu 2 tillögur sem hann flutti. Samkvæmt samþykktum sambandsins þarf samþykki 2/3 atkvæða á þinginu til að taka þær til efnislegrar afgreiðslu þar eð þær komu ekki fram með nægjanlegum fyrirvara. Þingforseti bar undir atkvæði hvort taka skyldi tillögurnar til afgreiðslu, en niðurstaðan var sú að ekki var nægjanlegur stuðningur við það. Komu þær því ekki til afgreiðslu.

Framhald umræðnanna:

Dagur B. Eggertsson Reykjavíkurborg, Ragnar Frank Kristjánsson Borgarbyggð, Róbert Ragnarsson Grindavíkurbæ.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Landsþingslit

Guðríður Arnardóttir, varaformaður sambandsins, sleit þinginu með ræðu.

Þingslit kl. 15:58